



## Um viðskipti við Rússa, kommúnista, o.fl., líklega 1950 1953.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Rússar – Kommúnistar – Viðskipti – Viðskiptasambönd –  
1950 - 1953

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna fjandsamlegrar stefnu ríkisstjórnar Júgóslavíu í garð Sovétríkjanna, sem hefur gert áframhald stórfelldrar efnahagslegrar samvinnu Sovétríkjanna og Júgóslavíu ómögulegt, er í viðskiptasamningi þessum gert ráð fyrir, að viðskipti landanna á næsta ári nemi aðeins einum áttunda af því, sem þau voru 1948."

Svohljóðandi tilkynning var virt í blöðunum í Moskva 31 desember s.l. Tilkynning þessi talar sínu ótvíræða máli. Hún segir berum orðum, að rússneska ríkisstjórnin hagi verzlunar- og viðskiptasamningum sínum eftir því, hvernig henni fellur við ríkisstjórnir þeirra land, er hún hverju sinni á í samningum við.

Ef rússneska stjórnin telur, að einhver <sup>ar land</sup> ~~annar~~ stjórn sé sér eigi nógu undirgefin, þá refsar hún henni með því að draga úr eða eyða með öllu viðskiptum landanna. Með þessu móti hyggst rússneska stjórnin geta náð algerum ráðum yfir þeim þjóðum, sem að verulegu leyti eru háð verzlun og viðskiptum við Rússland.

Nú er það vitað og jafnvel játað af Þjóðviljanum ~~Stalins~~, að í Júgóslavíu er kommúnistastjórn. Þjóðviljinn hefur meira að segja aldrei viljað gera upp á milli Stalins og Titos. Hann hefur látið í það skína, að deilurnar þeirra í milli væru fjölskyldudeilur, sem þæzt færi á að hafa um sem fæst orð, enda mundu þær leysast af sjálfu sér innan skamrar stundar.

Vera kann, að Þjóðviljamönnum sé ekki jafn-mikið gefið um Tito og þeir láta í veðri vaka. En ef innri maður þeirra er slíkur, þora þeir ekki að láta hann sjást. Það er skiljanlegt, <sup>af því að</sup> ef eina afbrot " "



Titos er það, að hann hefur viljað halda einhverju broti af formlegu sjálfstæði handa sér og stjórn sinni, þrátt fyrir það þó að hann teldi sig jafn góðan kommúnista og sjálfa höfuðpaurana austur í Moskva.

Ætlunin at komu Bolandi - sömu forðæmingu.

Um sömu mundir og kommúnistar halda uppi loddaraleik sínum um föðurlandsást sína hér upp á Íslandi hefði því látið illa í munni þeirra, ef þeir hefði fordæmt Tito. En hver sem afstaða íslenzkra kommúnista kann í raun og veru að vera til Titos, breytir það engu ~~(þá engu)~~ um afstöðu rússnesku stjórnarinnar. Hún segir: Tito hefur brotið á móti mér. Þar af leiðandi fær Júgoslóvaía <sup>sáralitil</sup> engin viðskipti ~~(eða sáralitil)~~, að hafa við Rússland.

Það var þessi afstaða, sem kommúnistar vildu og vilja enn koma Íslandi gegn Rússlandi. Ætlun þeirra var sú að láta Ísland verða Rússlandi viðskiptalega og fjárhagslega háð. Með því móti töldu þeir, að Rússar fengju óbifanlega aðstöðu til að segja Íslendingum fyrir verkum.

Ástæða í kommúnista hindran.

Á þennan veg þóttust kommúnistar <sup>ryðja</sup> ~~XXXX~~ stefnu sinni örugglega braut hér á landi en með nokkru öðru móti. <sup>þá</sup> ~~þá~~ Ástæðerðir Áka Jakobssonar og félagar hans um að gera Ísland fjárhagslega háð Rússlandi og hinum alþjóðlega kommúnisma fór út um þúfur.

Áki Jakobsson, Brynjófur Bjarnason og öll sú hersing kennir núverandi ríkisstjórn, og einkanlega Bjarna Benediktssyni, um, að þessi <sup>hvað á leið</sup> fyrirætlan hafi ekki náð fram að ganga. Það er að vísu rétt, að núverandi ríkisstjórn, og þar með Bjarni Benediktsson, vilja ekki, að Ísland verði <sup>(Rússland)</sup> fjárhagslega háð <sup>frækar</sup> en nokkru öðru landi. Bjarni ~~XXXX~~ Benediktsson hefur í þessu <sup>þess</sup> sömu stefnu og fyrirrennari hans Ólafur Thors, og aðir á undan honum <sup>hafa allir</sup> hafa tryggt, þeir vilja <sup>hafa</sup> efla íslenzkum vörum <sup>sem</sup> sem

aldrei viljað

víðast markaða, en hværgi vinna það til, að Íslenzka þjóðin kaupí markaðina því verði, að afsala sér sjálfstæði sínu.

Undir mál Áka:

Íslendingar fögnuðu því, þegar Rússar keyptu af okkur töluvert af vörum á árinu 1946. En þingum öðrum en kommúnistum datt í hug, að endurgjald fyrir þau kaup ætti að vera, að kommúnistar skyldu ætíð vera í stjórn á Ísland.

Það er skiljanlegt, að Áka og Brynjófli þætti gott að fá slíkan stuðning til valdasetu sinnar erlendis frá, því að þeir vissu, að fylgi þeirra með þjóðinni var hverfandi.

Þó að Íslendingum dytti ekki í hug að hafa Áka til eilífðar ráðherra í skiptum fyrir töluvert magn af hraðfrystum fiski, þá vildu þeir halda áfram eðlilegum viðskiptum við rússnesku þjóðin ef það væri hægt. Á árinu 1947, fyrsta valda-ári núverandi ríkisstjórnar, voru og gerðir víðtækir viðskiptasamningar við Rússland. Þeir samningar gengu samt mjög seint og gengu á allan hátt erfiðara en samskonar samningar við Breta, sem byrjað var á samtímis. Þröu Bretar að hafa forgöngu bæði um verð og magn, áður en Rússar fengist til að binda sig í nokkru.

Erftíðin samningar:

Það kom mjög fram hjá Rússum, að þeir töldu flestar framleiðsluvörur Íslendinga og þær væri þær að auki alltof dýrar. Engu að síður tókust samningar á því ári og sýndi það hug núverandi stjórnar til að halda áfram skiptum við Rússa.

Vildu menn á Íslandi ekki trúfa því, að Rússar létu viðskipti sín stjórnast af því, hvort kommúnistar væri í stjórn viðskiptalandanna eða ekki, þó að kommúnistar þá breiddu þá skoðun mjög úf meðal almennings og hún hafði nú fengið verulegan



*fengist* stuðning í yfirlýsingunni gegn Tito frá 31. desember s.l.

Undanbrögð Rússa

*forgræðkemi "íslensku" / rannna / 54/1947*

Kommúnistabýðlarnir hér á landi hafa haldið því fram, að Íslenzka stjórnin hafi ekki viljað og vilji ekki semja við Rússa um eðlileg viðskipti. Samningar frá 1947 hnekkja þessari staðhæfingu svo vel sem frekast má verða. Til viðbótar kemur það, að Íslenzka stjórnin hefur æ ofan í æ síðan reynt að taka upp samninga við rússnesku stjórnina, bæði um viðskipti á árinu 1948 og 1949.

Íslenzka stjórnin gaf ~~XXXXXXXXXX~~ strax fyrir- mæli um það 2. desember 1947, að reyna skyldi að ná viðskiptasamningum við Rússa fyrir árið 1948. Þessi máleitun var síðan hvað eftir annað endurtekin á árinu 1948, en ætíð svarað með undanbrögðum af hálfu rússneskra stjórnvalda. Því var aldrei neitað algjörlega, að Rússar vildu semja við okkur, en því borið við, að málið væri í athugun eða að hlutaðeigandi stjórnarembættismaður væri veikur. *eða annað sem* sýndi, að Rússar höðfu ekki áhuga á málinu. Úr samningum 1948 varð þessvegna ekki.

Rússa vóta kaupum sínum

*þrátt fyrir þetta er*

Íslenzka stjórnin hefur á sama veg reynt að fá rússnesku stjórnina til samninga um viðskipti á þessu ári og gaf um það fyrir- mæli strax 8. nóvember á s.l. hausti. Enn hafa engin svör fengist frá rússnesku stjórninni við þessar beiðni Íslendinga, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli af Íslands hálfu. Hefur ~~því~~ verið svarað, að málið væri í athugun, og tilkynnt mundi verða þegar þeirri athugun væri lokið. Fer því *því* fjarri, að Íslendingar geti áfellt Rússa fyrir ~~því~~ vilja ekki kaupa af okkur vörur. Það er algjörlega á valdi rússneskra stjórnvalda ~~XXXXXX~~ sjálfra, hvort þau gera þetta eða ekki. Og á árinu 1947 gerðu þau grein fyrir því, að Rússar ýmist hefðu ekki not fyrir framleiðslu okkur, eða teldu hana

